

Stjórnarfundur LEB 26. nóvember 2019 nr. 324

Kl. 10.00 - 12.00 Hressing og fundur áfram

Mættir: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Haukur Halldórsson, Ingólfur Hrólffsson, Ólafur Ingólfsson, Ellert Scraam, Valgerður Sigurðardóttir, Drífa Sigfúsdóttir og Viðar Eggertsson, starfsmaður.

Fundargerð síðasta fundar: Undirrituð á fundi og skoðast frágengin.

1. Staðan í dag. Stutt frásögn/ráðstefnur/ fundir ofl: Búið að vera mikið annríki. Þórunn sagði frá helstu fundum og ráðstefnum. Svo sem fundir hjá Tryggingarstofnun og Heilbrigðisþing. Gögn eru komin inná heimasíðu LEB um þessa fundi. Þórunn sagði líka frá fundi í starfshópi ráðuneytisins um öldrunarmál sem haldinn hefur verið frá síðasta stjórnarfundu. Haukur lýsti ánægju með að heimasíða LEB er orðin vel virk. Ræddi svo um samstarfið við verkalýðshreyfinguna og nauðsyn þess að efla það. Ingólfur minntist á erfiðleika í rekstri hjúkrunarheimilanna og dóm sem hefur fallið ríkinu í vil, vegna þess að sveitarfélögin hafa lagt heimilunum fé sem ríkið neitar að borga. Ellert lýsti áhyggjum sínum yfir því að ekkert virðist vera í afgeiðslu fjárlaga um kjaramál aldraðra og lítið virðist vera að gerast þrátt fyrir starf þessa starfshóps sem þau Haukur og Þórunn eiga sæti í. Haukur ræddi störf hópsins og hvað LEB hefði unnið sérstaklega í kjaramálum, og hefði getað betur gert. Fjárlög verða afgreidd til þriðju umræðu í dag svo varla verða miklar breytingar gerðar. Nú liggja fyrir alþingi tvö frumvörp á sviði almannatrygginga sem snerta aldraða. - Annars vegar frumvarp um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða sem nær til þeirra sem eru með skertan lífeyrir vegna búsetuskerðingar eða ónógrar búsetu hér á landi. Og hins vegar frumvarp um töku hálf

lífeyris og sértaks almenns frítekjumarks að upphæð kr 325 þúsund krónur, í því sambandi.

Drífa sagði að það væri greinilegt að ríkisstjórnin væri að ýta þessum málum á undan sér með skipun þessa starfshóps. Lagði áherslu á þörfina á að byrja vinnu strax eftir áramót til að koma kröfum okkar inn í næstu fjárlagagerð. Voru allir sammála um að við verðum að láta duglega í okkur heyra.

2. Kjaranefndarfundur: Nýleg ályktun og hvað svo? Í framhaldi af ályktun kjaranefndar LEB frá 4.11.2019 lagði Haukur fram eftirfarandi tillögu:

“Stjórn Landssambands eldri borgara ályktar á fundi þann 26. nóvember 2019 og beinir til ríkisstjórnar Íslands:

Að almennt frítekjumark samkvæmt a lið 23. gr. laga nr. 100 frá árinu 2007 um almannatryggingar, hækki um 25.000 kr. á mánuði í 50.000 kr. á mánuði svo fljótt sem verða má. Jafnframt verði gerð ráðstöfun til þess að sama almenna frítekjumarkið verði hækkað úr 50.000 kr. í 75.000 kr. ekki síðar en 1. janúar 2021, og sömuleiðis verði gerð áætlun um að hækka það úr 75.000 kr. í 100.000 kr. að lágmarki 1. janúar 2022.”

Tillagan samþykkt samhljóða í stjórn og verður lögð fram á fundi nefndar félagsmálaráðherra nú síðdegis.

3. Fjármál og tillögur um afgreiðslu. Valgerður fór yfir fjármálin, unnið hefur verið mikið í lagfæringum á fjárhagsáætlun og bókhaldi. Styrkir sem fengust hjá velferðarráðuneyti eru flestir fullnýttir. Rætt um hvernig haga eigi greiðslum vegna ferðakostnaðar og dagpeninga vegna ýmissa funda á vegum LEB. Tillögur verða lagðar fram á næsta fundi.

4. NOPO fundur í Finnlandi; stutt frásögn. Þórunn sagði frá fundinum, sem haldinn var út í sveit á fallegum stað. Haldin voru athyglisverð erindi, td um einmanaleikann og um hvernig staðið er að málefnum aldraðra í Danmörku. Fram voru lagðar skýrslur frá öllum löndunum sem við munum fá síðar. Fram

kom hjá Svíum að þeir vilja halda öldruðum á vinnumarkaðinum, varðveita þá þekkingu sem búa hjá þeim - þeir lækka skatta á eldra fólki sem vill vinna lengur og atvinnurekendum er ívilnað með lægri launasköttum.

5. Staða velferðartækni/bæklings/ næstu skref : Hann er kominn í prentun og er að verða klár.

6. Mál hjá lögfræðingi og umboðsmanni. Mál sem snertir ferðakostnað sjúklinga utan af landi. Þeim er mismunað, eftir því hvort þeir taka flug eða aka. Umboðsmaður vísaði því frá og sagði LEB að snúa sér til ráðuneytis, en þetta er í reglugerð frá ráðuneytisins. Samþykkt að LEB leggi það til að þessari reglugerð verði endurskoðuð. Annað mál unnið með grunnskólakennara sem ósátt er við að þurfa að hætta vinnu 70 ára er hjá lögfræðingi. Þriðja málið er varðandi lífeyrissjóðina um mismunandi aðferðir um skattalega meðferð á sameignarsjóðum og séreignarsjóðum. Allir lífeyrisjóðir ættu að fylgja sömu jafnræðisreglum.

7. Afsláttarbókin. Hver á höfundarréttinn? Rætt um þörfina fyrir útgáfu , hvort ef til vill ætti aðeins að gefa þetta út á netinu. Voru allir sammála um að gefa hana út amk einu sinni enn, ef bókin stendur undir sér eins og hún hefur gert. Samstarf hefur verið milli félagsins í Reykjavík um útgáfuna. Eru þau mál í skoðun.

8. Nefndir á vegum LEB/ Laga og uppstillingarnefnd: Eftir er að skipa tvær nefndir, laganefnd og uppstillingarnefnd. Stungið er uppá Guðmundi Guðmundssyni á Selfossi sem formanni í laganefnd einnig Drífu Sigfúsdóttir, og óskað er eftir að Reykjuvíkurfélagið skipi einn í nefndina, sem mun taka til starfa í janúar. Uppstillingarnefnd verður skipuð á desemberfundinum.

9. Næstu skref í kennslu á spjalddölvur. Unnið er við að koma út fræðslu til aðildarfélaganna LEB. Android bæklingurinn er kominn út.

10. Landsfundur næsta vor og þá hvar: Stefnt á 22 apríl 2020. Komið hefur tilboð frá Selfossi. Þar er góð aðstaða og allir jákvæðir í að halda fundinn þar.
11. Lífeyrismálin . Þórunn minnti á Réttindagáttina inná ll.is en þar er hægt að fá aðgang að öllum réttindum lífeyrisþega. Rétt að minna fólk á að stofna sig þar inn. Áriðandi er að fylgjast vel með réttindum sínum.
12. Útsendingar til félaganna s.s. um ársskýslur/fréttir : Formannspistill er í vinnslu og fer til félagsmanna fljótlega.
13. NORI og næstu skref. Auður framkvæmdastjóri UMFÍ kynnti fyrir okkur skráningarkerfið NORI sem er greiðslu- og skráningarkerfi í grunninn. Hefur verið í notkun hjá UMFÍ og í flestum íþróttafélögum og innan íþróttahreyfingarinnar og skátum heilsuræktastöðvum. Rætt um aðferðir við skráningar og kosti og galla og hvort þetta kerfi myndi henta öllum félögum LEB.
15. Önnur mál : Næsti fundur 13 desember n.k.

Fundi lauk kl. 13.15

Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Haukur Halldórsson
Ingólfr Hjelvarsson
Ólafur Ólafur Jónsson
Dagbjört Óstolsen
Einnir B. Sveinsson